

Mál 22/2013

Ár 2014, þriðjudaginn 22. apríl, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 22/2013

HRFÍ

gegn

A

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 15. október 2013 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (A) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para rakkann Z við tíkina X á þess að rakkinn væri með gilt augnvottorð. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 16. október og henni gefinn frestur til andmæla til 13. nóvember. Kærða svaraði ekki innan tilskilins frests og var henni gefinn viðbótarfrestur til 30. janúar með bréfi dagsettu 23. janúar. Svarbréf dagsett 3. febrúar barst frá kærðu og var afrit af því sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 15. júlí 2013 var rakkinn Z paraður við tíkina X án þess að rakkinn hefði gilt augnvottorð þegar pörun fór fram. Hundarnir eru af kyninu Íslenskur fjárhundur og er rakkinn í eigu kærðu. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Í andsvari kærðu kom fram að farið hefði verið með rakkann í augnskoðun við fyrsta möguleika eftir gotið og samkvæmt gögnum HRFÍ liggur það fyrir að rakkinn stóðst augnskoðun. Í andsvari sínu baðst kærða afsökunar á seinum viðbrögðum sínum.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Íslenskur fjárhundur:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun til þriggja ára aldurs undaneldishunda. Eftir þriggja ára aldur má augnvottorð ekki vera eldra en 26 mánaða við pörun (Gildir frá 01.06.2007). Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu (kataract) mun hann verða skráður í ræktunarbann (sbr. beiðni frá DÍF 30.09.2004). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012).“

Óumdeilt er að þegar pörun fór fram hafði rakkinn ekki gilt augnvottorð en samkvæmt reglum sérdeilda skulu undaneldishundar vera með gilt augnvottorð og hjá hundum eldri en þriggja ára má vottorðið ekki vera eldra en 26 mánaða. Augnvottorð er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru við heilsufarsskoðun undaneldishunda. Kærða hefur því gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Fyrir liggur að kærða fór með rakkann í augnskoðun við fyrsta möguleika eftir gotið og til allra heilla þá stóðst hann skoðun. Það breytir þó ekki brotinu að hundurinn stóðst skoðun eftir á. Reglan hljóðar á um að vottorðið liggi fyrir við pörun þannig að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgenga sjúkdóma. Kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins og þykir því hæfileg refsting vera áminning.

IV. Niðurstaða.

Kærða A telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ

Kærða er áminnt.

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir